

Miðvikudaginn 11. febrúar 1953.

Nr. 120/1952. **Ákærvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)

gegn

**Óskari Jóni Magnússyni**

(Sigurgeir Sigurjónsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáram Hæstaréttar.**

Brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Það athugast, að tékka þá, sem í málinu greinir, gaf ákærði út fyrir hönd Árnasonar, Pálssonar & Co h/f til greiðslu á vörum, sem keyptar voru af Ástvaldi Helga Ásgeirssyni. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

#### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1952.**

Ár 1952, miðvikudaginn 28. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómarar af Þórði Björnssyni, settum sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1620/1952: Ákærvaldið gegn Óskari Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 5. þ. m., er ákærði, Óskar

Jón Magnússon verzlunarmaður, Njálsgötu 26, hér í bæ, ákærður fyrir brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir að gefa út f. h. Árnason, Pálsson & Co h.f. til Helga Ásgeirssonar, Bústaðabletti 12, í okt. f. á. 2 tékka á hlaupareikning nr. 2007 við Útvegsbanka Íslands h. f., annan að fjárhæð kr. 3000.00, með útgáfudegi 1. nóv., en hinn svipaðrar fjárhæðar með útgáfudegi 10. nóv. f. á., þótt innstæða væri ekki fyrir hendi á hinum raunverulega útgáfudegi tékkanna. Tjáði ákærði nefndum Helga, að innstæða væri þá ekki fyrir hendi, en lofaði, að innstæða yrði til fyrir tékkunum á hinum skráðu útgáfudögum þeirra, sem þó ekki varð. Ákærist ákærði til refsingar samkvæmt nefndu lagaákvæði til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, er fæddur 11. febr. 1900 að Feðgum í Meðallandi og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

1948 28/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 70/1947 og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 4/1943.

1950 15/8 Kærður fyrir sölu á skemmdum lakkris. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 23/4 1951.

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Fyrri hluta október s.l. seldi Ástvaldur Helgi Ásgeirsson verzlunarmaður, Bústaðabletti 12 hér í bæ, á vegum fyrirtækisins Árnason, Pálsson & Co h.f. ákærða vörur. Greiddi ákærði vörurnar með tveimur tékkum á Útvegsbankann h.f., útgefnum af honum til Ástvaldar Helga Ásgeirssonar. Var annar tékkinn að fjárhæð kr. 3000.00, en hinn líkrar fjárhæðar. Á þessum tíma var ekki næg innstæða í bankanum til greiðslu tékkanna, og skýrði ákærði Ástvaldi Helga frá þessu og dagsetti því tékkana þrem til fjórum vikum fram í tímann eða 3000.00 króna tékkann 1. nóv. 1951. Kvaðst ákærði eiga von á peningum frá Kaupfélagi Hellissands fyrir þann tíma og gerði hann því ráð fyrir, að næg innstæða yrði þá fyrir tékkanum.

Sama dag eða daginn eftir að Ástvaldur Helgi fékk 3000.00 kr. tékkann í hendur, greiddi hann skuld við útibú verzlunar Halla Þórarins að Hverfisgötu 39, hér í bæ, með tékkanum, og tjáði verzlunarstjóranum þar, að eins og stæði væri ekki til næg innstæða fyrir tékkanum, en útgefandi hans hefði lofað nægri innstæðu á hinum skráða útgáfudegi hans. Skuld Ástvaldar Helga við útibú verzlunar Halla Þórarins að Hverfisgötu 39, hér í bæ, nam 1700 kr., og greiddi verzlunarstjórinn honum 1300.00 kr. út í peningum, þegar hann tók við tékkanum.

Þegar kominn var útgáfudagur tékkans, var honum framvísað í bankanum, en þá reyndist ekki vera innstæða fyrir honum. Hefur ákærði borið það, að áðurgreind peningavon hans hafi brugðizt og hefur hann ekki ennþá greitt tékkafjárhæðina. Hinn tékkann hefur hann greitt.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem aflánist með varð-

haldi í 18 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu verzlunar Halla Þórarins hefur þess verið krafizt, að ákærði greiði henni greinda tékkafjánhæð, kr. 3000.00, og þar sem krafa þessi hefur við rök að styðjast, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Guðjóns Hólm Sigvaldasonar hdl., kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Ákærði, Óskar Jón Magnússon, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kr. 3000.00 til verzlunar Halla Þórarins, hér í bæ.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Guðjóns Hólm Sigvaldasonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. febrúar 1953.

Nr. 157/1952. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

**Ingvari Guðmundi Oddssyni** (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Sýkna af ákæru um brot á 215. gr. hegningarlaga svo og ákvæðum bifreiðalaga og umferðarlaga.

#### Dómur Hæstaréttar.

Ekki þykir í ljós leitt, að ákærði eigi refsiverða sök á slysi því, sem í málinu greinir. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Héraðsdómari hefur ekki nema að litlu leyti skráð í þingbók skýrslur vitna og ákærða fyrir dómi, heldur einungis,